

## Punkturinn 2.tbl. 2010 - Fréttabréf um skattamál

Formanni félagsstjórnar óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félag, nema þau teljist eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformaður

### Starfandi stjórnarmenn

Í mars voru á Alþingi samþykktar lagabreytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Nýjum málslið var bætt við 1. mgr. 70. gr. hlutafélagalaganna, þar sem segir: „formaður félagsstjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig“. Í greinagerð með ákvæðinu kemur fram að hér á landi hafi tíðkast að stjórnarformenn séu meðal æðstu stjórnenda viðkomandi félags og sinni daglegum störfum þess. Er talið að þetta fyrirkomulag fari í bága við 1. mgr. 70. gr. laganna, þar sem fram kemur að ekki megi kjósa framkvæmdarstjóra sem stjórnarformann. Er almennt ekki talið æskilegt að stjórnarformenn séu hluti af framkvæmdarstjórn félags í ljósi þess að eitt af meginhlutverkum stjórnarformanns er að stýra eftirliti félagsstjórnar með félaginu. Er því hættu talin vera á hagsmunaárekstrum ef stjórnarformaður er einnig starfsmaður félags. Er það markmið ákvæðisins að minnka líkur á slíkum hagsmunaárekstrum.

Ný ákvæði gera ráð fyrir sem jöfnustu hlutfalli kynja í stjórnnum félaga

### Kynjahlutföll í stjórnnum félaga

Að auki var samþykkt nýtt ákvæði þar sem kveðið er á um að í stjórnnum opinberra hlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í slíkum félögum skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Það sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í slíkum félögum. Ákvæðið er að norski fyrirmynd þar sem að slíkur kvóti er sagður hafa gefist vel í framkvæmd. Aðlögunartíminn er fram til 1. september 2013, en þá öðlast ákvæðin gildi. Þá var einnig sérstökum ákvæðum um skráningu kynjahlutfalls stjórnar bætt við lögina. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Að auki var bætt við ákvæði laganna um framkvæmdarstjóra að einnig skuli gætt að kynjahlutföllum við ráðningu þeirra og í tilkynningu til hlutafélagaskrár skuli gefa upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdarstjóra. Með þessum breytingum er ríkari upplýsingaskylda lögð á herðar hlutafélaga og einkahlutafélaga um kynjahlutföll í stjórnnum og meðal framkvæmdarstjóra en gert var skv. eldri lögum.

Nýtt ákvæði um kyrrsetningu eigna

### Breyting á lögum um tekjuskatt - kyrrsetning eigna

Í mars samþykkti Alþingi breytingu á lögum um tekjuskatt. Felst breytingin í því að við 113. gr. laganna bætast við þrjár nýjar málsgreinar. Má þar helst nefna 1. mgr. þar sem fram kemur að heimilt er að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim er grunur er um refsiverða háttsemi skv. 109. gr., ef hættu þykir á að eignum verði annars skotið undan eða þær glattist eða rýrni að mun. Er kyrrsetningin til tryggingar greiðslu á væntanlegri skattkröfu, fésekt eða sakarkostnaði í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Einnig er með sama hætti hægt að krefjast kyrrsetningar hjá aðilum sem bera ábyrgð á skattgreiðslum skv. 116. gr. laganna. Með ákvæðinu á að koma í veg fyrir að eignum sé komið undan með skipulögðum hætti. Að lokum er í 3. mgr. tekið fram að kyrrsetning fellur niður ef rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins leiðir ekki til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. beinist að, verði gerð fésekt. Sá er kyrrsetning beinist að á rétt á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Fellur hún á sama hátt niður ef greiðslur þær er kyrrsetningin á að tryggja eru greiddar.

Afhending ársreiknings til ársreikningaskrár skylda

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6970/2009

Í málinu krafðist B.M. Vallá hf. þess að viðurkennt yrði með dómi að félaginu væri ekki skylt að afhenda ársreikningaskrá ársreikninga sína á grundvelli ríkra fjárhags- og viðskiptahagsmuna sem og vegna samkeppnisástæðna. Vísaði héraðsdómur kröfunni frá dómi á þeim forsendum að B.M. Vallá hf. hefði ekki sýnt fram á að í ársreikningum félagsins væru upplýsingar sem eðlilegt gæti talist að aðrir hefðu ekki aðgang að á grundvelli þeirra sjónarmiða sem félagið bar fyrir sig.

**Gagngjaldsskilyrði 51. gr. TSL ekki uppfyllt við samruna félaga og nýtingu rekstrartaps**

### Dómur Hæstaréttar í máli nr. 143/2009 - Íslenska ríkið gegn Glitni banka hf.

Í málinu var deilt um hvort sameining Glitnis banka hf. og Framtaks Fjárfestingarbanka hf. hefði verið í samræmi við 51. gr. tekjuskattslaga og hvort heimilt hefði verið að nýta rekstrartap Framtaks Fjárfestingarbanka hf. í bókum Glitnis banka hf. eftir að sameining hafði átt sér stað. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram, að beita eigi 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaganna þannig að tekið er mið af aðstæðum þegar sameining hlutfélaga er í reynd ákveðin en ekki þegar sameiningin kemur til framkvæmdar. Þótti í málinu yfir allan vafa hafið að Glitnir banki hf. hefði ákveðið að sameinast Framtaki Fjárfestingabanka hf. áður en hann keypti alla hluti í því félagi gegn greiðslu í reiðufé. Af þessum sökum væri gagngjaldsskilyrðum 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaganna ekki fullnægt. Íslenska ríkið var því sýknað af kröfum Glitnis banka hf.

### Héraðsdómur Vestfjarða 23.febrúar í máli nr. S-17/2009 - Ne Bis In Idem

Málið varðaði einkahlutafélag sem ákært var fyrir brot gegn skattalögum. Brotið fólst í því að félagið stóð ekki skil á virðisaukaskattskýrslum. Eftir lok rannsóknar skattrannsóknarstjóra var allur álagður virðisaukaskattur greiddur að fullu, ásamt dráttavöxtum. Í forsendum dómsins er vísað í 2. mgr. 186. gr. laga um sakamál þar sem fram kemur að krafa sem dæmd hefur verið að efni til verður ekki borin undir sama eða hliðsettan dómstól framar en í lögum segir. Nýju máli um slíka kröfu skal vísað frá dómi. Að auki er vísað til 4. gr. viðauka nr. 7 við mannréttindasáttmála Evrópu þar sem kveðið er á um að engin skuli sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hafi þegar verið sýknaður af eða sakfelldur um með lokadómi, samkvæmt lögum og sakamálaréttarhari viðkomandi ríkis.

**Ne bis in idem - Héraðsdómur telur að hafi viðurlög verið ákveðin á stjórnýslustigi megi ekki ákvarða viðurlög í dómamáli**

Héraðsdómur slær því föstu að ákvörðun viðurlaga á stjórnýslustigi geti fallið undir ákvæði samningsviðaukans þar sem að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi túlkað ákvæðið svo. Dómurinn fjallar svo um skilyrðin fyrir beitingu ofangreinds ákvæðis sé að viðkomandi úrlausn sé endanleg. Í málinu hafi réttmæti álagsins ekki verið borið undir dómstóla, heldur var það greitt að fullu, að mati dómsins teldist því beiting álagsins endanleg og umræddu skilyrði ákvæðisins því fullnægt. Þá sé einnig skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins að um nýja málmeðferð eða refsingu sé að ræða. Málátilbúnaður ákærða grundvallaðist á dómi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 10. febrúar 2009, *Zolotukhin gegn Rússlandi*. Að mati héraðsdóms var fallist á með ákærða að með þessum dómi hafi Mannréttindadómstóllinn rýmkað réttarvernd ákvæðisins. Þrátt fyrir að dómurinn teldi að enn væri talsverð réttaróvissa um gildisvið 4. gr. viðaukans eftir uppkvaðningu áður nefnds dóms þá mætti slá því föstu að ákvæðið girti fyrir að lögaðila sem sætt hefur álagi skv. lögum um virðisaukaskatt vegna brota gegn lögnum, sæti lögsókn vegna sömu háttsemi. Var því málinu vísað frá dómi.

### Dómur Hæstaréttar í máli nr. 142/2009 - Íslenska ríkið gegn Impregilo SpA.

Í málinu var íslenska ríkið sýknað af kröfum I um endurgreiðslu á sköttum sem greiddir höfðu verið af launum erlendra einstaklinga sem störfuðu á vegum tveggja portúgalskra starfsmannaleiga í þágu I við Kárahnjúkavirkjun. Þegar hafði verið dæmt í Hæstarétti að I hefði ekki borið að standa skil á þessum greiðslum. Að mati Hæstaréttar var það fé sem I hefði skilað vegna staðgreiðslu af launum starfsmannanna ekki ofgreitt þar sem íslenska ríkið hafði átt réttmæta kröfu til fjársins. Þá væri réttur til endurgreiðslu samkvæmt lögum á hendi gjaldandans sjálfs, en I hefði haft milligöngu við að uppfylla skattskyldu sem hvíldi á öðrum, en ekki verið í hlutverki gjaldanda. Var því ekki fallist á að I gæti með stoð í lögum krafðið íslenska ríkið um endurgreiðslu staðgreiðslu af launum.

I reisti einnig kröfu sína á því að íslenska ríkið bæri ábyrgð eftir reglum skaðabótaréttar á tjóni sem félagið hefði orðið fyrir. Hæstiréttur taldi að I hefði vanrækt að takmarka tjón sitt og hefði því fyrirgert rétti sínum til bóta úr hendi íslenska ríkisins. Var niðurstöðu héraðsdóms því snúið við og íslenska ríkið sýknað.

**Vegna greiðsluskyldu opinberra gjalda**

### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-8656/2009 - Þórður Már Jóhannesson gegn ísl. ríkinu

Í málinu var deilt um hvort skattleggja ætti hagnað stefnanda af sölu hlutabréfa í Straumi hf., vinnuveitanda stefnanda sem fjármagnstekjur eða laun. Stefnandi hafði keypt hlutabréfin fyrir lánsfé þar sem hlutabréfin sem um ræddi voru sett að veði. Hafði hann síðan gert söluréttarsamning sem gerði honum kleift að selja bréfin á sama gengi og hann keypti þau á, að tveimur árum liðnum. Í forsendum dómsins kemur fram að með því fyrirkomulagi að vinnuveitandi stefnanda hefði útvegað lánsfé fyrir hlutabréfakaupunum á hagstæðari kjörum en almennt gerist og einnig tryggt að hann gæti selt bréfin á ekki verri kjörum en sem næmi kaupverði, hafi dregið svo verulega úr áhættunni af því að eiga hlutabréfin, að hún væri í raun engin.

**Söluréttarsamningur ; söluhagnaður hlutabréfa talinn launatekjur**

Aðeins ári eftir að upphaflegur samningur var gerður gat stefnandi slitið samningnum og selt hlutabréfin á tvöföldu verði. Stefnandi hefði svo gert nýjan söluréttarsamning við vinnuveitanda sinn, Straum hf. en færði eignaréttinn á hlutabréfunum og lántökuna í einkahlutafélag í sinni eigu til að takmarka áhættuna. Ágreiningslaust var að mati dómsins að hlutabréfaeign stefnanda í Straumi hf. væri tilkomin vegna starfssambandsins og í skattalegu tilliti hafi söluréttarsamningurinn falið í sér nýtingu á kauprétti stefnanda í Straumi hf. Var það niðurstaða dómsins að telja ætti söluhagnað hlutabréfanna sem launatekjur.

### Úrskurður Yfirséðanefndar í máli nr. 255/2009

Í óbirtum úrskurði Yfirséðanefndar kemur fram skýr túlkun á því við hvaða tímamörk skuli miða vegna beiðni sem send er inn um samsköttun lögaðila til skattstjóra.

Málum var þannig háttað að skattstjóri tilkynnti með bréfi 27. október 2008 að tiltekna breytingar hefðu verið gerðar á skattframtali kæranda árið 2008, en um var að ræða lögaðila. Skattframtalið hafði borist 15. september 2008 (vegna tekjuársins 2007) og ársreikningur 2007 tveimur dögum síðar. Skattstjóri benti á að engin beiðni um samsköttun hefði borist sem hefði verið forsenda fyrir því að beiðnin hefði verið tekin til afgreiðslu. Í 55. gr. tekjuskattslaga er kveðið á um að beiðni þurfi að hafa borist skattstjóra eigi síðar en 30 dögum fyrir lok framtalsfrest vegna þess tekjuárs sem óskað er eftir samsköttun á.

Ágreiningurinn snéri um það hvort og þá hvenær beiðni hafi komið til skattstjóra. Kærandi benti á í kæru sinni þann 4. nóvember 2008 að beiðni hefði verið send 3. mars 2008 án þess að svar hefði borist frá skattstjóra. Skattstjóri benti á að beiðnin hefði komið sem fylgiskjal með kærinni og móttökudagur væri 5. nóvember 2008.

Kærandi byggði m.a. á því að bréfið hafi misfarist og það gæti ekki verið á ábyrgð hans þótt svo væri. Því var yfirséðanefnd ekki sammála og benti á að tímamarkið „...eigi síðar en þrjátíu dögum fyrir lok framtalsfrests vegna þess tekjuárs sem óskað er eftir að verði samskattað,“ væri skýrt. Í úrskurðinum voru raktir nokkrir skiladagar en lengsti mögulegi skilafrestur lögaðila væri 10. september 2008. Við það tímamark skyldi miða og lokafrestur til að senda beiðni til skattstjóra væri því 30 dögum fyrir þetta tímamark. Yfirséðanefnd taldi einnig að það væri lögaðilans að sýna fram á að beiðni um samsköttun hefði verið lögð fram innan tilskilins tíma. Var kröfu kæranda því hafnað.

### Nýjar reglur nr. 370/2010 um breytingar á gjaldeyrismálum

Þann 30. apríl 2010 tóku nýjar reglur um gjaldeyrismál gildi. Þær eru nr. 370/2010 og leystu af hólmi reglur nr. 880/2009 frá 30. október 2009. Í þessum nýju reglum eru orðalagsbreytingar sem skerpa á ýmsum ákvæðum þótt efnislega sé ekki um miklar breytingar að ræða. Þó er að finna nokkur nýmæli frá fyrri reglum og má þar helst nefna að í 2. gr. er ný málsgrein sem heimilar einstaklingi sem er erlendur aðili, að flytja út erlendan gjaldeyri fyrir allt að jafnvirði þrjár milljónir króna, ef sýnt er fram á að notkun fjárens sé vegna eigin framfærslu. Þá er nú skilyrt að greiðslur fari út af reikningi sem er í eigu greiðanda og að reikningurinn sé hjá fjármálafyrirtæki staðsettu á Íslandi. Þessi ákvæði voru ekki í eldri reglum og þrengja því yfirfærsluheimildir.

Sú upphæð sem ferðamenn hafa haft heimild til að kaupa vegna ferðalaga erlendis hefur verið lækkuð í 350.000 krónur fyrir hvern almanaksmánuð. Þá hefur fjármálafyrirtækjum verið heimilað að óska eftir sérstakri undanþágu til að afgreiða slíkan ferðagjaldeyri, þótt viðskiptavinurinn sé ekki í föstum viðskiptum við fjármálafyrirtækið. Er það breyting frá fyrri reglum, bæði hvað varðar upphæð og einnig að áður var skilyrt að gjaldeyri væri keyptur af viðskiptabanka viðkomandi. Listi yfir þau fjármálafyrirtæki sem hafa slíka undanþágu verður birtur á vef Seðlabanka Íslands.

Að endingu skal nefnt að skv. 11. gr., sem fjallar um gjaldeyriskaup vegna gjafa eða styrkja til góðgerðastarfsemi, er nú skilyrt að um innlendan aðila er að ræða sem áður var opið öllum. Þá hefur hámarksupphæðin verið lækkuð í þrjár milljónir á almanaksárinu.

### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-27/2010 - Samband Garðyrkjubænda gegn Matfugli ehf.

Þann 7. maí 2010 féll í Héraðsdómi Reykjavíkur dómur í ágreiningsmáli um vörumerki. Það voru Samband garðyrkjubænda sem stefndu Matfugli með þá kröfu að Matfugli ehf. væri óheimilt að nota vörumerki sitt í atvinnustarfsemi sinni sem skapaði ruglingshættu við þeirra eigið vörumerki. Þá var gerð krafa um að

Beiðni um samsköttun berist eigi síðar en 30 dögum fyrir fram-  
lengdan frest lögaðila

Lækkun hámarks við gjaldeyriskaup í nýjum reglum um gjaldeyrismál

**Ekki einkaleyfi á notkun fánalitanna í íslenskum vörumerkjum**

Matfugli ehf. yrði gert að eyða öllu kynningarefni og umbúðum sem bæru þetta vörumerki. Garðyrkjubændur töldu sig eiga vörumerkið sem Matfugl notaði, enda hefði það verið skráð hjá Einkaleyfastofu með formlegum hætti og hlotið samþykki. Garðyrkjubændur töldu verulega ruglingshættu á vörumerkjunum. Í málinu lá fyrir könnun sem sýndi fram á að 90% aðspurðra þekkti vörumerki Garðyrkjubænda.

Í niðurstöðu dómsins er á það bent að þeir sem ætli sér að nota tilvísun í íslenska fánann verði að sæta því að fleiri geri það. Garðyrkjubændur kölluðu vörumerki sitt „Fánaröndin.“ Fáninn er sameign þjóðarinnar og á honum fái ekki einkaleyfi.

Þegar dómurinn ber merkin saman er það niðurstaða að ekki sé um lík merki að ræða. Þá skiptir máli við heildarskoðun að vörumerkin eru ekki notuð í sömu vöruflokkum. Það er því niðurstaða dómsins að ekki sé um ruglingshættu að ræða á notkun vörumerkjanna og getur Matfugl notað það áfram á kjúklingaumbúðir sínar.

**Úrskurður Yfirkattaneftndar í málum nr. 76/2010; 77/2010 og 78/2010**

Þann 7. apríl 2010 úrskurðaði yfirkattaneftnd í þremur samhljóma málum um formreglur vegna álagningar sektar ársreikningaskrár.

Málavextir voru þeir að ársreikningaskrá skoraði á félögin að skila inn ársreikningum fyrir árið 2006 en þar kom fram kom að allir tímafrestir væru liðnir. Með ítrekunarbréfi ársreikningaskrár til félaganna var þeim bent á að ef ekki bærst svar innan ákveðins tíma yrði beitt sektarákvæði á grundvelli 13. gr. reglugerðar nr. 664/2008. Að loknum lokafresti ársreikningaskrár var sektin lögð á. Var sektarákvörðuninni mótmælt með kæru til yfirkattaneftndar. Yfirkattaneftnd tók sérstaklega til athugunar bréf sem ársreikningaskrá sendi félögunum þar sem síðasti 30 daga fresturinn var gefinn. Eftir að þessi frestur var liðinn var lögð sekt á félögin og sendur gíróseðill.

Yfirkattaneftnd komst að þeirri niðurstöðu að með nýjum málsgreinum í 126. gr. laga um ársreikninga kæmi hvergi fram hvernig málsmeðferð skyldi hagað. Með þessum nýju ákvæðum var ársreikningaskrá veitt heimild til beitingar sektar vegna vanrækslu á skilum ársreikninga. Þar sem hvergi væri minnst á málsmeðferð giltu stjórnslutölög um málsmeðferðina, en ársreikningaskrá er stjórnvald í skilningi þeirra laga. Þar þarf að fylgja ákveðnum formreglum svo sem um andmælarétt og rökstuðning. Ársreikningaskrá lét undir höfuð leggjast að beita rökstuðningi, heldur sendi gíróseðil eftir að síðasti frestur rann út. Þessa málsmeðferð taldi yfirkattaneftnd vera verulega áfátt.

Benti yfirkattaneftnd m.a. á í rökstuðningi sínum að gera þyrfti skýra grein fyrir því hvaða ákvæði laga væru brotin sem kölluðu á sektina. Taldi yfirkattaneftnd að svo ríkar kröfur væru gerðar til skýrleika að jafna mætti við skýrleika í ákæru í sakamáli. Þar sem þessum grunnreglum stjórnslutáttarins var ekki fylgt eftir var ákvörðun ársreikningaskrár felld úr gildi.

**Frekari upplýsingar**

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum:

**Vala Valtýsdóttir**

Yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs

Sími: 580-3036

vala.valtyisdottir@deloitte.is

**Ábyrgðaraðili:**

Vala Valtýsdóttir,

yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte

**Ritstjóri:**

Pétur Steinn Guðmundsson,

lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði Deloitte